

39
14. júní

2. gr.

Láni því, er í 1. gr. getur, er stjórninni heimilt að verja eftir því, sem með þarf samkvæmt ákvörðun eftirtaldra laga:

Laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Laga nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Laga nr. 35, 7. maí 1928, um Byggingar- og landnámssjóð.

Laga nr. 49, 7. maí 1928, um stofnun sildarbræðslustöðva.

Laga nr. 66, 7. maí 1928, um smíði og rekstur strandferðaskips.

Laga nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa.

Fjárlaga 1929, 23. gr. XIII.

Laga nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

Laga nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins,

Svo og laga þeirra, sem samþykkt eru á Alþingi 1929, að því leyti sem þau fela í sér heimildir til lántöku.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnason.

40
14. júní

LÖG

um

stjórn póstmála og símamála.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra póstmála og símamála í landinu.

Póstmálastjóri stjórnar framkvæmdum póstmálanna og hefir umsjón með rekstri póststarfanna. Laun hans eru hin sömu sem aðalpóst-⁴⁰14. júní meistara eru ákveðin í launalögum.

Landssímastjóri stjórnar framkvæmdum símamálanna og annara hraðskeytamála og hefir umsjón með rekstri þar að lútandi starfa.

Báðir þessir embættismenn standa beint undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu og eru því til aðstoðar í öllu því, sem póstmál og símamál varðar, hvor á sínu sviði. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Til aðstoðar póstmálastjóra skipar ráðherra póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn eftir þörfum, en til aðstoðar landssímastjóra símaverkfræðing, fulltrúa í aðalskrifstofu landssímans og aðra nauðsynlega aðstoðarmenn.

3. gr.

Í Reykjavík skal vera sérstakur forstöðumaður fyrir póststofunni og sérstakur stöðvarstjóri fyrir landssímastöðina.

Annarsstaðar á landinu, þar sem í sama kaupstað, kauptúni eða sveitabæ er bæði póstafræðsla og fyrsta eða annars flokks landssímastöð, er stöðvarstjóri landssímastöðvarinnar jafnframt póstafræðslumaður, og stendur hann að því leyti beint undir póstmálastjóra, ef hann hefir sjálfstæða reikningsfærslu. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá því að sami maður gegni bæði stöðvarstjóra- og póstafræðslumannsstarfi þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum póstmálastjóra, forstöðumann fyrir póststofunni í Reykjavík og, að fengnum tillögum landsímastjóra, stöðvarstjórann í Reykjavík, með sömu launum og póstmeistari og stöðvarstjóri í Reykjavík hafa nú samkvæmt launalögum. Ennfremur skipar hann, að fengnum tillögum landssímastjóra og póstmálastjóra, alla þá stöðvarstjóra, sem jafnframt eru póstafræðslumenn. Stöðvarstjóraembættin í Reykjavík, Akureyri, Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Seyðisfirði má ekki veita öðrum en þeim, sem færa sönnur á, að þeir hafi lært símritun og, að undanteknu stöðvarstjóraembættinu í Reykjavík, að þeir hafi einnig aflað sér þekkingar á póstmálum.

Stöðvarstjórarnir á Akureyri og Seyðisfirði skulu hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4500 kr. Stöðvarstjórarnir á Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum hafa að byrjunarlaunum 3000 kr., er hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Á launin

40 skal greiða verðstuðulsuppbót samkvæmt reglum launalaganna. Auk 14. júní launanna hafa stöðvarstjórar þessir ókeypis húsnæði, ljós og hita. Ráðherra ákveður þeim árlega hæfilega upphæð úr póstsjóði til aðstoðar við póstafgreiðsluna, að fengnum tillögum póstmálastjóra, en starfræksla símastöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði. Ennfremur ákveður ráðherra, að fengnum tillögum landssímastjóra og póstmálastjóra, laun og aðstoðarfé annara þeirra stöðvarstjóra og póstafgreiðslumanna, sem ræðir um í 3. gr.

Ráðuneytið ákveður að öðru leyti tölu starfsmanna við póst og síma, eftir því sem þörf gerist.

5. gr.

Nú er forstaða póst- og símastöðva sameinuð á Akureyri, Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Seyðisfirði, og skal þá telja þjónustuár viðtakanda í hinu nýja embætti frá þeim tíma, er hann var skipaður í það embætti, sem hann áður gegndi.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 16. nóv. 1907, um forstjórn landssímanna, og 1. gr. póstlaga, nr. 5, 7. maí 1921, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930. Frá þeim tíma skal sameiningu þeirri á starfrækslu síma og pósts, er í þeim felst, koma á jafnóðum og stöðurnar losna, enda falla þá niður póstmeistaraembætti þau og póstafgreiðslumannsstöður, sem óþörf verða vegna sameiningarinnar. Þó er ráðherra heimilt að koma sameiningu á, þótt póstafgreiðslumannsstarfið sé ekki laust, ef því er samfara sparnaður fyrir ríkissjóð, sem telja verður verulegan í hlutfalli við laun fyrir störfin, og þegar af því leiðir veruleg þægindi fyrir viðskiftamennina. Póstmálastjóraembættið kemur í stað aðalpóstmeistaraembættisins, og heldur núverandi aðalpóstmeistari óskertum launum sínum, svo sem þau eru nú, meðan hann gegnir póstmálastjóraembættinu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.